

RÍÓ

293 tbl. júní 2018

# MYNDIR

mánaðarins

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

# ADRIFT


ÓTRÚLEG SAGA BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM



# SUMAR BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufréttis í tyggigúmmí

# THE HANDMAID'S TALE



## EIN STÆRSTA ÞÁTTARÖÐ ÁRSINS

í Sjónvarpi Símans Premium

The Handmaid's Tale er í **Sjónvarpi Símans Premium**. Þættirnir hafa slegið áhorfsmet og unnið fjölda verðlauna í flokki dramapátta. Þetta er ein umtalaðasta þáttaröð síðari tíma og sannkallað skylduáhorf.

## Útgefið í júní

### DVD


7.06.	Death Wish	Myndform	Spennymynd	16 ára	15
14.06.	Fifty Shades Freed	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	12
28.06.	Bangsi og þjófaborgin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	28

### VOD

1.06.	Tom of Finland	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	10
1.06.	Hinrik hittir ...	Myndform	Barnaefni	12 ára	10
1.06.	How to Talk to Girls at Parties	Myndform	Gamanmynd	16 ára	11
2.06.	Darkest Hour	S & V	Sannsgulegt	9 ára	12
7.06.	Hostiles	Sena	Vestri	16 ára	14
7.06.	Death Wish	Myndform	Spennymynd	16 ára	15
7.06.	A Reykjavik Porno	Sena	Spennudrama	16 ára	16
8.06.	K3	Myndform	Barnaefni	Leyfð	16
8.06.	Killing Hasselhoff	Myndform	Gamanmynd	6 ára	17
14.06.	The Strangers: Prey at Night	Sena	Tryllir	16 ára	18
15.06.	The Florida Project	Myndform	Drama	12 ára	20
15.06.	Casual Encounters	Myndform	Gamanmynd	16 ára	21
15.06.	Simon	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
21.06.	Coco	S & V	Teiknimynd	Leyfð	22
21.06.	The Cleanse	Sena	Grín/fantasia	9 ára	23
22.06.	Mói	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
22.06.	Gringo	Myndform	Gamanmynd	16 ára	24
22.06.	Pound of Flesh	Myndform	Spennymynd	16 ára	25
23.06.	Phantom Thread	S & V	Drama	12 ára	26
28.06.	Black Panther	S & V	Ævintýri	12 ára	27
28.06.	Bangsi og þjófaborgin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	28
29.06.	The West and the Ruthless	Myndform	Vestri	16 ára	29
29.06.	Renegades	Myndform	Stríðsmynd	12 ára	29

# Á DVD OG VOD Í JÚNÍ

7  
júní



## MYNDIR MÁNAÐARINS

293. tbl. júní 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Pröförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Isafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

MYNDFORM



# RÍFÐU Í ÞIG EINA MEÐ RÆMUNNI

*Fátt passar betur með bíómynd en góð pizza. „Skelltu spólunni í tækio“ og pantaðu á dominos.is eða í gegnum Domino's appið.*



*www.dominos.is · Domino's app · sími 58 12345*

# Stjörnuþá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þig dreymir að þú sért komin(n) til Kanaríeyja þar sem þú nýtur lífsins svamlandi í heitum sjó innan um glaða höfrunga sem tala sænsku. Svo vaknarðu og ferð í vinnuna.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þær breytingar verða á lífi þínu þann tuttugasta að þú breytist í samloku, sennilega með túnfisksalati. Passaðu þig á því að blotna ekki of mikið í sundlaugunum.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Áhugi þinn á útblæstri vörubíla kemur sér vel þegar þér verður boðið á útblástursráðstefnu í Úganda. Lærðu að segja „Halló, ég kem með friði“ á úgandísku.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Fólk í nautsmerkinu sem hefur verið að hugsa um að fá sér vindskaið lætur loksins verða af því áður en mánuðurinn er á enda. Þú bragðar á gömlum blóðmör.



## Tvívurarnir 21. maí - 21. júní

Þú ferð í strætó og lendir þar á milli Steins og Steindórs. Einhver sem heitir Jóhanna tekur feil á þér og manneskju sem hún hitti þegar hún tók bensín á bílinn síðast.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þú ferð í bláberjaleit til Þingvalla á miðvikudaginn en finnur ekki nein enda enn bara júní. Það springur mjög sennilega á bílnum í bakaleiðinni, svona til að kóróna daginn.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Farðu út að hjóla og hjólaðu í verkefni sem setið hafa á hakanum hjá þér undanfarin ár. Mundu eftir lýsinu og ef þú sérð grábröndóttan kött þá skaltu hlaupa hratt í burtu.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Fólk í meyjarmerkinu sem á hænur má eiga von á góðum gestum áður en júní er á enda, nema þeir fresti heimsókninni fram í ágúst. Bakaðu samt pönnur til öryggis.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Óþolandi vandamál sem hefur plagað þig að undanfögnu leysist af sjálfu sér þann tólfða ef þú passar að hafa rúmfötin hrein. Ekki gleyma aftur að sturta niður í fyrramálið.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þér verða send dularfull en mjög mikilvæg skilaboð í gegnum gamalt telextæki sem þú notaðir einu sinni. Því miður hefurðu ekki hugmynd um hvar það er núna.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.


Þú hugleiðir að breyta lífi þínu til hins betra með því að hafa alltaf á þér nokkra hundraðkalla til að nota í hundraðkallasjálfisölum. Ekki gera samt of mikið úr málinu.




## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Steingeitur sem heita nafni sem byrjar á K og eiga Ray-Ban sólgleraugu detta mjög sennilega í lukkupottinn á sunnudaginn og finna í honum tvær sultukrúkkur.

## Minningar mánaðarins



Núna í júní kemur kvikmyndin *Death Wish* út á DVD og sjónvarpsleigunum en eins og alkunna er þá er hún endurgerð samnefndrar myndar frá árinu þar sem Charles Bronson lék hlutverkið sem Bruce leikur nú í endurgerðinni. Charles, sem hét í raun Charles Dennis Buchinsky, var fæddur árið 1921 og var einn af 15 börnum foreldra sinna sem voru frá Litháen. Ungur hóf hann vinnu við kolanámugróft en gekk síðan í herinn þegar hann hafði aldur til og barðist í síðari heimsstyrjöldinni. Þegar heim var komið lagði hann stund á leiklist og svo fór að eftir að hafa fengið smáhlutverk hingað



og þangað fékk hann sitt fyrsta kvikmyndahlutverk árið 1951 í gamanmynd Henrys Hathaway, *You're in the Navy Now*. Charles lék á næstu árum í fjölmörgum myndum og þótt hann vekti enga sérstaka athygli þá vann hann sér purft til að fá að lokum hlutverk í kjölfarið, myndinni *The Magnificent Seven* árið 1960. Með leik sínum í henni sló hann loksins í gegn og á næstu 13 árum fylgdu fleiri stórmellir með reglulegu millibili eins og *The Great Escape*, *The Dirty Dozen*, myndirnar *San Sebastian*, *Once Upon a Time in the West*, *Rider on the Rain*, *Red Sun*, *The Valachi Papers* og *Chato's Land* þar sem hann vann í fyrsta sinn með leikstjóranum Michael Winner. Í kjölfarið fylgdu myndirnar *The Mechanic* og *The Stone Killer* áður en kom að stórmellinum *Death Wish* árið 1974, en þá var Charles fyrir löngu orðinn heimspekkur og átti sér tryggan aðdáendahóp. Hann hélt síðan stöðugt áfram að leika á næstu árum í hinum

ýmsu myndum, þ. á m. í fjórum framhaldsmyndum af *Death Wish*. Charles lék í sinni síðustu mynd árið 1999 en hann lést af völdum krabbameins 2003, 81 árs að aldri.

Eitt það merkilegasta við hinn farsæla fimmtíu ára feril Charles Bronson er að þrátt fyrir ómældar vinsældir á meðal almennra kvikmyndahúsagesta hlaut hann aldrei náð fyrir augum gagnrýnenda sem langflestir töldu hann frekar lélegan leikara sem væri alltaf eins í öllum myndum. Charles hlaut heldur aldrei einustu leiklistarverðlaun á ferlinum og fyrir utan eina tilnefningu til Emmy-verðlauna fyrir smáhlutverk í sjónvarpsþætti árið 1961 var hann aldrei tilnefndur til neinna verðlauna heldur. Hann hlaut reyndar Golden Globe-verðlaunin árið 1972 en það var ekki fyrir leik heldur voru það svokölluð World Film Favorite-verðlaun fyrir vinsældir en þau verðlaun voru aflögð fyrir löngu.

Það má svo sem alveg til sanns vegar færa að Charles Bronson hafi ekki verið mikill leikari en á móti kom að honum tókst ætíð að höfða til áhorfenda með sinni hrjúfu en alltaf viðkunnanlegu og vinalegu framkomu.



Í júní verða liðin 10 ár frá því að myndirnar *WALL-E*, *The Happening*, *Kung Fu Panda* og *The Incredible Hulk* voru frumsýndar, 20 ár frá því að *The Truman Show*, *Mulan*, *Out of Sight* og *Six Days, Seven Nights* voru frumsýndar, 30 ár síðan myndirnar *Big*, *Bull Durham*, *Who Framed Roger Rabbit?* og *The Great Outdoors* voru frumsýndar og 40 ár síðan *Grease*, *Convoy* og *Heaven Can Wait* voru frumsýndar. Afmælismynd mánaðarins er samt *Rosemary's Baby* sem á 50 ára frumsýningarafmæli 12. júní.

Fyrir þá sem ætla að fagna þessum eða öðrum tímamótum núna í júní má minna á að í ár eru 30 ár liðin síðan síðasta heimsmet í kampavinstappaflogi var sett, en það reyndist vera tæpir 54,2 metrar. Reynið að slá það næst þegar þið fagnið með kampavíni.

**ÞÚ ERT  
EKKI  
ÞÚ ÞEGAR  
ÞÚ ERT  
SVANGUR**



**ER MÁLIÐ!**



Ég skil ekki af hverju verið er að spyrja mig álits á heimsmálum og pólitík eins og mínar skoðanir á því skipti einhverju máli. Þær skipta engu máli. Ég er bara leikari.  
- Bruce Willis.



Ég geri engin sérstök plön varðandi framtíðina. Mig langar bara að fá vinnu við að leika það sem eftir er ævinnar og kaupa mér hús uppi í sveit sem ég get gert upp og innréttað upp á nýtt og fyllt með gömlum bókum og fötum.  
- Rosamund Pike, um framtíðarplönin.



Mér fannst handritið frábært og leikstjórnin frábær. Ég þurfti ekki meira til að ákveða mig.  
- Willem Dafoe, um hvers vegna hann hafi ákveðið að leika í *The Florida Project*.



Nei, í sjálfu sér er ég ekki hrædd við að leika nakin og sé ekkert að nektaratriðum svo framarlega sem þau eru smekklega gerð. Ég elska líkama minn og ef einhverjum finnst eitthvað ljótt við hann eða falleg nektaratriði yfirleitt þá er það þeirra vandamál, ekki mitt. Það er hins vegar alveg ofsalega leiðinlegt og óþægilegt að þurfa að bíða lengi nakin eftir að tukur hefjist eða haldi áfram.  
- Dakota Johnson.



Númer eitt er að sagan sé góð. Númer tvö er að í hlutverkinu felist áskorun, helst það mikil að ég efist um að ég geti tekið það að mér. Því meiri efi, því líklegri er ég til að skrifa undir samninginn.  
- Vincent D'Onofrio, um hlutverkin sem hann vill helst taka að sér.



Við skulum orða þetta svona: Hve margir ætli þeir séu í Bandaríkjunum sem hafa átt byssu en óska þess nú heitast að hafa aldrei fengið sér byssu? Ég mun aldrei komast í þann hóp enda mun ég aldrei fá mér byssu.  
- David Hasselhoff, um hvort hann sé með eða á móti frjálstri byssueign samborgara sinna.



Ég hef aldrei fengið nein atvinnuhlutverk án þess að fara fyrst í þrúfur. En ef manni tekst að vera fjárhagslega í sæmilegum málum þá verða þrúfur bara partur af vinnunni og mér finnst í dag hreinlega gaman að fara í þær og taka þátt í samkeppninni. Hins vegar er það mjög niðurdrepandi að fá nei þegar maður þarf nauðsynlega að fá vinnuna vegna peninganna. Slík staða hefur eyðilagt allt fyrir ófáum góðum leikurum.  
- Jamie Dornan.



Já, en ég er bara ekkert fræg. Þótt ég eigi 44 ára leikferil að baki bæði á sviði, í sjónvarpi og í kvikmyndum þá getur engin nefnt eitt einasta verk sem ég hef leikið í nema fletta því fyrst upp. Ef þú spyrð einhvern um þetta þá færðu svarið: Hver er Lesley Manville?  
- Lesley Manville, spurð hvernig hún höndli frægðina.



Nei, ekki lengur. Ég hélt einu sinni dagbók en svo fór alltaf svo mikill tími í að endurskoða það sem ég hafði skrifað og breyta því að ég hætti að skrifa í hana.  
- Elle Fanning, um það hvort hún haldi dagbók.



Ef ég á einhverja valmöguleika yfirleitt þá skiptir það mig mestu máli með hvaða fólki ég vinn. Handritið er í öðru sæti.  
- Christina Hendricks, um það hvernig hún velji sín hlutverk.



Listrænn metnaður er eitt. Peningar eru allt annað. Hvort tveggja þarf að vera til staðar en ef maður blandar þessu saman þá er maður búinn að vera.  
- Joel Edgerton.



Að hafa úthald. Það er mikilvægast.  
- Lupita Nyong'o, spurð hvað sé henni mikilvægast í leiklistinni.



Það síðasta sem ég myndi gera væri að lesa slúðurfréttir um leikara og hvað þeir eru að gera. Ég hef nákvæmlega engan áhuga á því enda veit ég af eigin reynslu að slíkar fréttir gefa alltaf kolvítlaus mynd af viðkomandi.  
- Christian Bale.



Það versta sem ég veit er að hafa ekkert að gera. Ég verð að vinna til að halda mér heilbrigðum.  
- Johnny Galecki.



Segðu bara „o yellow o“.  
- David Oyelowo, spurður um réttan framburð á ættarnafni hans.




Ég kys að hafa í kringum mig einfalda en gagnlega hluti, t.d. vekjaraklukku.  
- Martin Freeman.



NÁÐU ÞÉR Í  
NÁTTÚRU



Egils



"A fascinating and fitting tribute to a true subversive gay hero."  
- Paper Magazine



# TOM OF FINLAND

THEY CALLED IT FILTH. IT BECAME A REVOLUTION.  
A FILM BY DOME KARUKOSKI



**Aðalhlutv.:** Pekka Strang, Lauri Tilkanen og Jessica Grabowsky **Leikstj.:** Dome Karukoski **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

1. júní



Dæmigerð mynd eftir Touko en þær þekktustu eru mun erótískari en þessi og hneyksluðu marga á sínum tíma.



Það er Pekka Strang (t.h.) sem leikur titilhlutverkið og þau Lauri Tilkanen og Jessica Grabowsky leika aukahlutverk.

## Ekki óttast hið eðlilega

Sönn saga finnska listamannsins og brautryðjandans Toukos Valio Laaksonen sem var betur þekktur sem Tom of Finland enda kynnti hann sig þannig.

Touko Laaksonen (1920–1991) áttaði sig ungur á samkynhneigð sinni enda hreifst hann mjög af karllíkamanum og hóf snemma að rissa upp erótískar hugmyndir sínar um líkama hins fullkomna karls. Touko fór aldrei beint í felur með kynhneigð sína en þurfti samt ávallt að gæta sín, ekki síst þegar hann gegndi herþjónustu í síðari heimsstyrjöldinni. Síðar flutti hann til Los Angeles þar sem hann og myndir hans blésu samkynhneigðum í brjóst baráttuanda gegn fordómum og fáfræði ...

**Punktur** .....

★★★★ - Total Film ★★★★★1/2 - Washington Post ★★★★★1/2 - S.F. Chronicle ★★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - Empire ★★★★★ - CineVue

• Tom of Finland var framlag Finna til Óskarsverðlauna 2018 sem besta erlenda myndin. Þess má geta að Íslendingar eiga dálítið í myndinni því Þorsteinn Bachmann fer með stórt aukahlutverk í henni, Hildur Guðnadóttir samdi hluta tónlistarinnar og Ingvar Þórðarson er einn af framleiðendum.

## Hinrik hittir ...

Fróðlegar teiknimyndir fyrir börn á leikskólaaldri

Hinrik er lítill drengur sem eins og aðrir á hans aldri er forvitinn um allt og duglegur við að spyrja spurninga. Það kemur sér því vel að á hverjum degi hittir hann alltaf einhverja nýja persónu sem getur svarað forvitni hans.

Teiknimyndapættirnir um Hinrik hafa notið mikilla vinsælda á sjónvarpstöðvum, þ. á m. á RÚV. Í þessum þáttum geta allir talað, bæði dýr, jurtir og hlutir og það nýtir Hinrik sér til að spyrja þeirra spurninga sem hann vill fá svör við. Á hverjum degi hittir hann einhvern eða eitthvað til að tala við og útkoman er alltaf fróðlegt samtal sem svarar forvitni hans. Þessi VOD-útgáfa inniheldur 6 þætti seríunnar, en 7 þeir fyrstu komu út í mars.



2

ÞÆTTIR 8-13



Teiknimyndir um hann Hinrik sem hittir nýjar persónur á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

1. júní





## Hvað meira er þarna úti?

Eftir að hafa skemmt sér dável á rokk- og pönktónleikum í Croydon-hverfi Lundúna rekast þrír félagar á samkvæmi í heimahúsi þar sem gestirnir eru geimverur í mannlíköllum. Þegar einn þeirra, Enn, verður yfir sig hrifinn af einni geimverunni hefst atburðarás sem hann hefði aldrei getað séð fyrir.

*How to Talk to Girls at Parties* er glæný mynd þar sem gríni, farsa, rómantík, tónlist og vísindaskáldsögu er blandað saman á mjög sniðugan hátt. Sögusviðið er eitt helsta pönk-hverfi Lundúna árið 1977, Croydon, og er tónlist þess tíma áberandi í myndinni. Elle Fanning leikur geimveruna Zan sem er í skoðunarferð ásamt öðrum geimverum um alheiminn. Hún hrifst af því sem hún upplifir á Jörðinni og þegar hún hittir Enn ákveður hún að stinga af með honum úr gleðskapnum. Við það eru hinar geimverurnar ósáttar og ákveða að ná henni aftur. Þær sjá auðvitað ekki fyrir að í þeim slag er sjálfri pönkdrottningunni Boadicea (Nicole Kidman) að mæta ...

## Punktur .....

★★★★ - *The Playlist* ★★★1/2 - *Screen International* ★★★1/2 - *IndieWire*

- Myndin er byggð á smásögu eftir Neil Gaiman, en hann á mörg góð kvikmyndahandrit og bækur að baki, m.a. hina stórgóðu skáldsögu *Stardust* sem Matthew Vaughn gerði samnefnda mynd eftir 2008.

- *How to Talk to Girls at Parties* er fjórða bíómynd Johns Cameron Mitchell en þær fyrri eru *Hedwig and the Angry Inch* (2001), *Shortbus* (2006) og *Rabbit Hole* (2010). Þær hlutu allar góða dóma og margvísleg verðlaun og viðurkenningar.



Elle Fanning og Alex Sharp í hlutverkum sínum, hún sem geimveran Zan sem heyrir pönk í fyrsta skipti og hann sem pönkarinn Enn.



**Aðalhl.:** Alex Sharp, Elle Fanning, Nicole Kidman og Matt Lucas **Leikstj.:** John Cameron Mitchell **Útg.:** Myndform

**Gaman/rómantík**

**1. júní**




Mæðgurnar Goldie Hawn og Kate Hudson skruppu saman í búðir í Brentwood í Kaliforníu 20. maí, e.t.v. til að kaupa eitthvað sætt á nýja fjölskyldumeðliminn sem Kate ber undir belti.



Eva Longoria brosir breitt á þessari mynd sem tekin var 19. maí þegar hún skropp ásamt eiginmanninum Jose Baston á veitingahúsið Nobu í Los Angeles. Eins og sjá má er hún kasólett.



Claire Danes á líka von á sér og verður þetta annað barn hennar og eiginmannsins Hugh Dancy, en þau eiga fyrir sjö ára son, Cyrus Dancy. Myndin var tekin í New York 16. maí.



## Darkest Hour

Sannsögulegt



**Aðalhlutverk:** Gary Oldman, Lily James, Kristin Scott Thomas, Ben Mendelsohn, Stephen Dillane, Ronald Pickup, Nicholas Jones, Samuel West, Richard Lumsden og David Schofield **Leikstjórn:** Joe Wright **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

2. júní



Kristin Scott Thomas leikur eiginkonu Winstons, Clementine, en þau gengu í hjónaband árið 1908 og eignuðust fimm börn.

### Veistu svarið?

Winston Churchill varð tvívegis forsætisráðherra Breta, fyrst frá 10. maí 1940 til 26. júlí 1945 og síðan frá 26. október 1951 til 6. apríl 1955. Sama dag og hann varð fyrst forsætisráðherra, þ.e. 10. maí 1940, urðu einnig þáttaskil í íslenski sögu. Hver voru þau?



Þá herndum Breta Ísland.

## Ekkert nema sigur!

Winston Churchill var gerður að forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, átta mánuðum eftir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, og átti eftir að taka margar af afdrifaríkustu og erfiðustu ákvörðununum sem taka þurfti fyrir hönd þjóðarinnar.

Winston Churchill var og er enn umdeildur maður og það var þvert á vilja fráfarandi forsætisráðherra Breta, Nevilles Chamberlain og Georgs sjötta konungs, að hann var skipaður forsætisráðherra til að lægja öldurnar í breska þinginu og koma í veg fyrir stjórnarslit.

Þessi mynd Joes Wright (*Pride & Prejudice*, *Atonement*, *Anna Karenina*) gerist öll í maí 1940 og lýsir aðdraganda þess að Churchill var skipaður forsætisráðherra, svo og fyrstu dögum hans í embætti, en óhætt er að segja að hann hafi tekið við erfiðu búi. Þjóðverjar höfðu ráðist inn í Frakkland og áttu síðar í mánuðinum eftir að króa Bandamenn af í Dunkirk þar sem 400 þúsund hermenn horfðu fram á að verða stráfelldir tækist ekki að ferja þá yfir Ermarsundið í tíma.

Myndin þykir frábærlega gerð og leikin og þess má geta að Gary Oldman notaði heilt ár í að undirbúa sig undir hlutverk Winstons Churchill og tileinka sér hina mörgu og sérstöku takta hans, bæði í framburði og í framkomu. Fyrir þá frábæru túlkun hlaut hann bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin í ár og er leikur hans einn og sér næg ástæða fyrir alla til að sjá þessa kraftmiklu mynd.



Við gerð myndarinnar var lögð gríðarleg áhersla á að hanna sviðsmyndir sem væru sem nákvæmastar eftirmyndir af því umhverfi sem Churchill og samtímafólk hans lifði og hrærðist í árið 1940.

## Punktur .....

- ★★★★1/2 - *Entertainm. Weekly* ★★★★★1/2 - *New York Magazine*
- ★★★★1/2 - *New York Post* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IGN*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*

• Fyrir utan að Gary Oldman fékk stóru verðlaunin þrenn fyrir leik sinn í *Darkest Hour* hlaut hún einnig bæði Óskarinn og BAFTA-verðlaunin fyrir bestu förðun ársins, auk tilnefninga fyrir búninga, sviðsetningu, kvikmyndatöku og sem besta mynd ársins 2017.



Churchill var meistari í ræðuflutningi og áttu ræður hans, bæði þær sem hann flutti í þinginu og í útvarpi, stóran þátt í að telja kjark í bresku þjóðina í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar.

# Mjólk er góð í nýjum fernum



Nú er mjólkinn komin í nýjar og frísklegar fernur með skemmtilegum ábendingum og fróðleik um hollustuna. Farðu á [ms.is/mjolk](https://ms.is/mjolk) og segðu okkur með hverju þér finnst mjólkinn best. Þú gætir unnið til veglegra verðlauna.




Hver er óvinurinn?

Árið er 1892 og herdeildarforingjanum Joseph Blocker er fyrirskipað að fylgja dauðvona indíanaforingja og fjölskyldu hans frá Berringer-virki í Nýju-Mexíkó til heimaslóða þeirra í Montana. Þótt Joseph, sem hefur um margra ára skeið barist við bæði óvinveitta indíana og annan óþjóðalýð til verndar landnemum, sé meinilla við að taka verkefnið að sér neyðist hann til þess enda kemur skipunin beint frá forseta Bandaríkjanna.

*Hostiles* er þrumugóð spennumynd og vestri eftir leikstjóranum Scott Cooper sem gerði m.a. myndirnar *Black Mass*, *Out of the Furnace* og *Crazy Heart*. Hinn frábæri leikari Christian Bale fer sem fyrr á kostum í sínu hlutverki en aðrir leikarar í myndinni hafa einnig hlotið toppdóma fyrir sína frammistöðu. Kvikmyndatökan þykir einstök, svo og öll umgjörðin, sviðsmyndir, búningar og förðun.

Sagan í myndinni er síðan mun viðameiri og dýpri en hér hefur verið lýst og á framvindan fljótlega eftir að koma bæði persónum myndarinnar og áhorfendum í opna skjöldu ...



Christian Bale leikur Joseph Blocker sem er meinilla við verkefnið sem hann fær en getur ekki óhlyðnast skipuninni sem kemur beint frá forsetanum á þessum tíma, Benjamin Harrison. Christian þykir frábær í hlutverki sínu eins og reyndar allir aðrir leikarar myndarinnar.

Hostiles

Spennumynd / Vestri



**Aðalhlutverk:** Christian Bale, Rosamund Pike, Wes Studi, Ben Foster, Stephen Lang, Rory Cochrane, Jesse Plemons, Timothée Chalamet og Jonathan Majors **Leikstjórn:** Scott Cooper **Útgefandi:** Sena

7. júní

Punktar .....

- ★★★★★ - *Entert. Weekly* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
- ★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
- ★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*
- ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times*
- ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *W.S. Journal* ★★★★★ - *Wrap*

• *Hostiles* var tekin upp í rétttri tímaröð en hið viðburðaríka ferðalag sem hópurinn leggur í er rúmlega þúsund kílómetra langt.

• Scott Cooper skrifaði handritið sjálfur eftir söguhugmyndum Donalds E. Stewart og voru öll aðalhlutverkin utan eitt skrifuð með þá leikara í huga sem leika þau. Eina hlutverkið sem ráðið var í eftir á var hlutverk Philippes sem Timothée Chalamet hreppi.



Joseph ásamt mönnum fjórum sem hann velur til að koma með sér, Thomas, Philippe, Rudy og Henry en þeir eru leiknir af Rory Cochrane, Timothée Chalamet, Jesse Plemons og Jonathan Majors.


Veistu svarið?

Rosamund Pike leikur hér ekkjuna Rosalie sem verður fljótlega örlagavaldur í sögunni og er þetta í annað sinn á fjórum árum sem Rosamund leikur aðalhlutverk á móti leikara sem leikið hefur Batman. Hver er hinn og í hvað mynd léku þau saman?



Wes Studi leikur Cheyenne-indíanahöfðingjann Gula Hauk sem Joseph er falið að koma til sinna heima í Montana.

Ben Affleck og myndin var Gone Girl



## Death Wish

Spennumynd



**Aðalhlutverk:** Bruce Willis, Vincent D'Onofrio, Elisabeth Shue, Wendy Crewson, Kimberly Elise, Mike Epps, Dean Norris, Camila Morrone og Ronnie Gene Blevins **Leikstjórn:** Eli Roth **Útgefandi:** Myndform

7. júní



Eftir árásina sem leiddi til dauða eiginkonu Pauls breytir hann sér í eins manns aftökusveit sem sýnir óvinum sínum enga miskunn.

### Véistu svarið?

Bruce Willis á nú 38 ára leikferil að baki en segja má að hann hafi fyrst slegið í gegn árið 1985 í geysivinsælum sjónvarpsþáttum sem m.a. voru sýndir hér á landi þar sem hann lék einkaspæjarann David Addison Jr. Hvað hétu þessir vinsælu þættir?




Moontlighting

## Hvað myndir þú gera?

Eftir að grímuklæddir innbrotspjófur myrða eiginkonu læknisins Pauls Kersey og stórslasa dóttur hans ... og lögreglan segist ekkert geta gert vegna skorts á vísbendingum, ákveður Paul að taka málin í eigin hendur, finna morðingjana og refsa þeim sjálfur með miskunnarlausum dauðadómi og aftöku.

*Death Wish* er byggð á samnefndri skáldsögu Brians Garfield sem kom út árið 1972 og olli talsverðum pólitískum usla fyrir utan að vekja miklar umræður í samfélaginu um hversu langt hinn almenni borgari mætti ganga til að ná fram réttlæti þegar lögreglan gerði það ekki. Svo fór að eftir þessari bók var gerð mynd árið 1974 í leikstjórn Michaels Winner með Charles Bronson í aðalhlutverki og er óhætt að segja að hún hafi ekki síður orðið umtöluð og umdeild á sínum tíma, ekki síst vegna þess að í henni var persóna Pauls Kersey gerð mun ofbeldisfyllri en hún var í raun í bókinni.

Þessi nýja mynd sem Eli Roth leikstýrir er að hluta til byggð á handriti fyrri myndarinnar en þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar á sögunni, t.d. starfar Paul sem læknir á sjúkrahúsi í Chicago í þessari mynd en var arkitekt í New York í þeirri fyrri. Óhætt er samt að segja að eins og í fyrri myndinni mun Paul Kersey hvorki taka mildilega á óvinum sínum né sýna þeim hina minnstu miskunn ...



Paul Kersey (Bruce Willis) ásamt dóttur sinni Jordan og eiginkonunni Lucy, en þær eru leiknar af þeim Camilu Morrone og Elisabeth Shue.

## Punktur .....

- *Death Wish* er sjötta bíómynd Íslandsvinarins Elis Roth sem leikstjóra en hann á að baki myndirnar *Cabin Fever*, *Hostel 1 og 2*, *The Green Inferno* og *Knock Knock* sem var frumsýnd 2015.

- *Death Wish* er ekta spennuhasar fyrir eldri en 16 ára en þótt dauðsföllin séu mörg og ofbeldið sé mikið er stutt í húmorinn í ýmsum atriðunum.



Vincent D'Onofrio leikur bróður Pauls, Frank Kersey.



### Ein borg, tvö leyndarmál, þrjár nætur

**Ingvar er utan af landi og stundar nám í Reykjavík. Þegar hann uppgötvar klámsíðu sem snertir hann persónulega á slæman hátt ákveður hann að leita þann uppi sem ber ábyrgð á henni og efni hennar með hefnd í huga.**

A Reykjavik Porno er íslensk-skosk mynd og um leið fyrsta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Graemes Maley. Henni hefur verið lýst sem norrænni dökkmynd (film-noir) en sagan gerist á þremur dögum í svartasta skammdeginu og í ískulda sem segja má að hafi fryst borgina. Um leið og Ingvar er harðákveðinn í að finna þann sem ber ábyrgð á efni klámsíðunnar og láta hann svara fyrir það er hann líka á milli nokkurs konar steins og sleggju tveggja kvenna sem vilja báðar eiga athygli hans, annars vegar unnustunnar og hins vegar leigusala hans ...

Myndin er að öllu leyti tekin upp á kunnuglegum stöðum í Reykjavík sem segja má að leiki um leið fjórða aðalhlutverkið í henni og sýni sína hrollköldustu hlið.




Albert Halldórsson leikur Ingvar sem ákveður að grípa til sinna eigin hefndar- aðgerða þegar hann uppgötvar klámsíðu sem snertir hans persónulega líf.

VOD 16 80 min

**Aðalhl.:** Albert Halldórsson, Ylfa Edelstein og Purríður Blær  
**Jóhannsdóttir Leikstj.:** Graeme Maley **Útgefandi:** Sena

**Spennudrama**

**7. júní**



### K3

**Alltaf saman – að eilífu**

**Fjallhressir teiknimyndapættir um poppsöngkonurnar Kötu, Kylie og Kim sem í tónleikaferðum sínum um heiminn lenda í ótrúlegustu ævintýrum.**

Krökkum á öllum aldri er hér boðið með í tónleikaferðir um víða veröld með þeim Kötu, Kylie og Kim sem saman nefna sig K3. Þær eru æskuvinkonur sem fyrir utan sönginn og að koma fram á tónleikum slá aldrei hendinni á móti öðrum ævintýrum sem þeim býðst að taka þátt í á ferðum sínum, hvort sem þau snúast um að góma fingralanga, berjast við skrímsli eða hjálpa þeim sem minna mega sín í veröldinni. Þetta er safn númer sjö í seríunni, þættir 46 til 52.

**Punktur** .....

• Þættirnir um þær Kötu, Kylie og Kim eru framleiddir af sama fyrirtæki og gerði þættina um Mæju býflugur, Vigga víking, Heiðu og Artúr og mínimóana.



VOD L 84 min

**Teiknimyndir** með íslensku tali um K3-sönghópinn  
**Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**8. júní**



## Eins dauði er annars brauð

Chris Kim er næturklúbbseigandi sem í kjölfar vægast sagt óheppilegra atvika í klúbbnum er alsaklaus grunaður um eiturlyfjamsferli og kynferðisofbeldi auk þess sem hann skuldar skyndilega miskunnarlausum glæpakóngi 400 þúsund dollara. Það eina sem getur bjargað honum úr klípunni er að David Hasselhoff detti niður dauður innan 72 klukkustunda!

Fólk sem kann að meta fjöruga og fyndna farsa þar sem allt getur gerst ætti að kíkja á þennan þar sem hver brandarinn rekur annan frá upphafi til enda.

Ástæðan fyrir því að dauði Davids Hasselhoff skiptir máli er að Chris hafði nokkrum dögum fyrr veðjað á í svokölluðu Deadpool-veðmáli að David yrði næstur ef þeim frægu í Hollywood sem færi yfir móðuna miklu. Líkurnar á því eru þó svo hverfandi að ef David geispaði golunni fyrstur fengi Chris hálf milljón dollara í sinn hlut. Vandamálið er að veðmálið ógildist ef viðkomandi er myrtur ...



**Aðalhlutv.:** Ken Jeong, David Hasselhoff, Jon Lovitz og Rhys Darby **Leikstj.:** Darren Grant **Útg.:** Myndform

Farsi

8. júní



David Hasselhoff leikur sjálfan sig í myndinni og gerir hér stólpagrín að sinni eigin ímynd og ferli og þá ekki síst sinni frægustu sjónvarpsseríu, *Baywatch*.



Leikkonan Selma Blair, sem verður 46 ára 23. júní leggur mikið upp úr að halda sér í góðu formi og hennar upphaldsaðferð til þess er jóga. Hér mætir hún í tíma í L.A. 16. maí.



Mark Wahlberg hefur að undanfögnu snúið sér í æ ríkari mæli að framleiðslu bíómynda og er nú með einar fjórar í pípunum. Slík umsvif kalla vafalaust á mörg símtöl hvenær sem er.



*Deadpool 2* var frumsýnd á dögumum og það vakti sérstaka athygli á forsýningunni í New York 14. maí að hjónin Ryan Reynolds og Blake Lively gátu vart haft augun hvort af öðru.

## Flótti er ekki valkostur

Þeir sem kunna að meta æsispennandi myndir með hrollköldu ívafi og hrökkatriðum fá óskir sínar uppfylltar 14. júní þegar tryllirinn *The Strangers: Prey at Night* kemur á leigunarn!

*The Strangers: Prey at Night* er eftir Johannes Roberts sem sendi síðast frá sér hákarlatryllinn *47 Meters Down*. Myndin segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem er á ferðalagi og hefur fengið vilyrði frá ættingjum sínum um að gista eina nótt í bústað þeirra sem stendur á afskekktum stað. Það fyrsta sem þau taka eftir við komuna þangað er að einhver virðist búa nú þegar í bústaðnum þótt sá sé hvergi sýnilegur. Hjónin og börn þeirra tvö ákveða að sjá hvað verða vill en eftir að hafa hreiðrað um sig uppgötva þau – allt of seint auðvitað – að þau eru gengin í sannkallaða dauðagildru ...



## The Strangers: Prey at Night

Tryllir



**Aðalhlutverk:** Christina Hendricks, Bailee Madison, Emma Bellomy, Martin Henderson, Damian Maffei, Lewis Pullman, Lea Enslin, Preston Sadleir og Leah Roberts **Leikstjórn:** Johannes Roberts **Útgefandi:** Sena


14. júní



Í myndinni eru áhorfendur hreinlega settir í spor fórnarlambanna sem hafa um ekkert að velja nema berjast fyrir lífi sínu.

### Veistu svarið?

Sá sem leikur son hjónanna í myndinni, Lewis Pullman, er sonur Bills Pullman. Lewis, sem er rétt að hefja leikferilinn, lék einmitt ásamt föður sínum í mynd sem kom út á VOD-leigunum í mars og fellar um frægt tenniseinvigi. Hvaða mynd?



Battle of the Sexes.



Það hvarflar auðvitað ekki að hjónunum Mike og Cindy hvað nóttin í bústaðnum sem þau ætla að gista í muni bera í skauti sér. Martin Henderson og Christina Hendricks í hlutverkum sínum í myndinni.

## Punktar .....

★★★★1/2 - RogerEbert.com ★★★★★ - IGN ★★★★★ - IndieWire  
★★★★1/2 - Village Voice ★★★★★ - Slant ★★★★★ - Entert. Weekly

• *The Strangers: Prey at Night* er endurgerð myndarinnar *The Strangers* sem leikstjórninn og handritshöfundurinn Bryan Bertino sendi frá sér árið 2008. Myndin er samt ekki alveg bein endurgerð enda hefur verið bætt inn í hana fleiri persónum og sögufléttum en voru í upprunalegu myndinni. Þess má geta að sagan er að hluta til byggð á sönnum atburðum og reynslu sem Bryan Bertino varð sjálfur fyrir þegar hann gisti í sams konar húsnæði og sögupersónur hans og fékk heimsókn innbrotspjófa. Sú heimsókn hafði að vísu ekki jafnalvarlegar afleiðingar fyrir hann og persónur myndarinnar!



Þessir skuggalegu þremmenningar koma mikið við sögu í myndinni.



## Fifty Shades Freed

Rómantík



**Aðalhlutverk:** Dakota Johnson, Jamie Dornan, Arielle Kebbel, Kim Basinger, Tyler Hoechlin, Marcia Gay Harden, Luke Grimes, Callum Keith Rennie og Rita Ora **Leikstjórn:** James Foley **Útgef.:** Myndform

14. júní



Anastasia getur alveg sætt sig við það lúxuslíf sem auðævi eiginmanns hennar geta keypt. En að sjálfsgöðu eru peningar ekki allt.

### Veistu svarið?

Leikstjóri myndarinnar, James Foley, á nokkrar aðrar þekktar myndir að baki eins og t.d. *At Close Range*, *Who's That Girl*, *Two Bits* og eina af bestu myndum ársins 1992, *Glengary Glen Ross*, en hún var byggð á leikverki og handriti þekktis rithöfundar. Hvers?



*David's Mamer*

## Ekki fagna of snemma

Eftir að hafa beðið Anastasiu í síðustu mynd ganga þau Christian nú í hjónaband og halda í brúðkaupsferð til Suður-Evrópu þar sem þau njóta alls þess besta sem peningar geta keypt. En þegar þau snúa aftur heim til Seattle bankar fortíðin upp á og þau standa bæði frammi fyrir alvarlegum vanda sem verður að leysa ef ekki á illa að fara fyrir þeim og hjónabandi þeirra.

Þriðji og jafnframt síðasti kafli hinnar eldheitu ástarsögu Christians Grey og Anastasiu Steele kemur út á DVD 14. júní, en í honum tekur sagan enn á ný óvænta stefnu eins og þeir vita sem lesið hafa bækurnar. Við förum ekki nánar út í það hér hvaða óvæntu atburðir þetta eru en hvetjum þá sem gaman höfðu af fyrri myndunum til að láta þennan hápunkt og lokahluta sögunnar ekki fram hjá sér fara ...



Þau Anastasia Steele og Christian Grey ganga nú í hjónaband eftir vægast sagt viðburðaríkt og eldheitt tilhugalíf. En í fortíð þeirra beggja eru draugar sem þarf að kveða niður í eitt skipti fyrir öll.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *San Francisco Chronicle* ★★★★★1/2 - *IndieWire*  
★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair*

- Leikstjóri myndarinnar er James Foley en hann leikstýrði einnig öðrum kaflanum, *Fifty Shades Darker*, sem kom út í fyrra. Þessar tvær myndir voru teknar upp samhliða sem passaði vel enda er *Fifty Shades Freed* beint framhald af *Fifty Shades Darker*, sem var aftur þráðbeint framhald fyrstu myndarinnar, *Fifty Shades of Grey*.

- Fyrri tvær myndirnar hafa notið mikilla vinsælda og á þessi þriðji og síðasti kafli sögunnar nokkuð örugglega eftir að gera það gott líka enda bíða margir spenntir eftir að sjá hvernig fer fyrir þeim Anastasiu og Christian og hjónabandi þeirra eftir allt það sem á undan hefur gengið og áskoruninni sem er framundan.



Sem fyrr eru það þau Dakota Johnson og Jamie Dornan sem leika þau Anastasiu og Christian í þessum þriðja og síðasta kafla ástarsögunnar.



## The Florida Project

Drama



**Aðalhlutverk:** Brooklynn Prince, Bria Vinaite, Willem Dafoe, Aiden Malik, Valeria Cotto, Mela Murder, Christopher Rivera and Krystal Nicole Watts **Leikstjórn:** Sean Baker **Útgefandi:** Myndform

15. júní



Myndin gerist nánast öll í þessari blokk og í næsta nágrenni.

### Veistu svarið?

Eins og kemur fram í myndartexta þá var Willem Dafoe m.a. tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í *The Florida Project*. Þetta var þriðja tilnefning hans til Óskars en áður hafði hann hlotið tilnefningar fyrir myndirnar *Shadow of the Vampire* og ...?



Platoon

## Búðu til þitt eigið ævintýri

*The Florida Project* gerist á einu sumri í og við leiguíbúðablokk í námunda við Disney-skemmtigarðinn í Orlando í Flórída og segir frá hinni sex ára gömlu Moonee, kostulegum uppátækjum hennar og samskiptum við vini, móður og aðra sem búa í blokkinni, ekki síst húsvörðinn og rekstrarstjórann Bobby.

Kvikmyndaáhugafólk sem kann að meta raunsannar hversdags-sögur af venjulegu fólki ætti alls ekki að láta þessa mynd fram hjá sér fara þar sem leikstjórinn og handritshöfundurinn Sean Baker blandar saman sakleysi æskuáranna og alvarleika hinna fullorðnu. Hin sex ára gamla Brooklynn Prince, sem er fædd leikkona, leikur hina frökku og ófeimnu Moonee sem alist hefur upp hjá einstæðri móður sinni, Halley, en hún á í stöðugu ströggli við að láta enda ná saman og hefur því leiðst út í vafasama starfsemi til að sjá fyrir sér og dóttur sinni. En Moonee veit ekkert um það því fyrir henni og vinum hennar er lífið skemmtun og ævintýri frá morgni til kvölds ...



Hin sex ára gamla Brooklynn Prince leikur stærsta hlutverkið í myndinni enda snýst öll atburðarásin um hana og þá sem eru með henni á hverjum tíma. Willem Dafoe leikur húsvörðinn Bobby og var tilnefndur til bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína.

## Punktar .....

- ★★★★★ - *The New York Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*
- ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *CineVue*
- ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Playlist*
- ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *New York Magazine*
- ★★★★1/2 - *Indiewire* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Screen*

• Eins og sést á stjörnujöfnum hér fyrir ofan hefur *The Florida Project* hlotið toppdóma virtustu gagnrýndanna en hún er með 9,2 í meðaleinkunn á Metacritic og 9,6 á Rotten Tomatoes.



Þótt deila megi um uppeldisaðferðir móður Moonee og lífibrauð hennar eru þær mæðgur einstaklega samrýndar og miklir vinir.



**Aðalhlutv.:** Taran Killam, Brooklyn Decker og David Krumholtz **Leikstj.:** Zackary Adler **Útg.:** Myndform

**Gamanmynd**

**15. júní**

### Það er ekki allt sem sýnist

Þegar Justin Davis vaknar einn morguninn fær hann þær slæmu fréttir að unnusta hans hafi ákveðið að segja honum upp. Við það á Justin erfitt með að sætta sig enda vill hann ekki vera einn, en kvíðir því um leið að þurfa að byggja upp nýtt samband. En þá er honum bent á stefnumótasiður!

Casual Encounters er rómantísk og fjörug gamanmynd eftir leikstjórnann Zackary Adler. Í aðalhlutverki er Taran Killam sem er þekktastur fyrir fjölbreytta framkomu sína í bandarísku grínþáttunum Saturday Night Live á árunum 2010–2016. Hér leikur hann hinn hryggbrotna Justin sem ákveður að fara að ráðum vinnufélaga sinna og prófa að nýta sér stefnumótasiður á netinu í von um að finna þá réttu.

Þessar tilraunir leiða hins vegar til lítils annars en vandræðalegra kynna því konurnar sem hann hittir eru annað hvort allt öðruvísi en hann hafði ímyndað sér eða eru að villa á sér heimildir. En kannski er Justin að sækja vatnið yfir lækinn ...





Taran Killam leikur hinn seinheppna Justin Davis og David Krumholtz leikur vinnufélaga hans, Sammy Deetz, sem reynir að ráðleggja vini sínum heilt.

### Símon

Átta þættir um fjallhressa kanínustrákinn Símon

Teiknimyndþættirnir um Símon eru byggðir á metsölubókum Stephanie Blake sem hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál og hafa þessir þættir notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þ. á m. á RÚV.

Símon er eldhress kanínustrákur sem lætur sér fátt óviðkomandi og er óhræddur við að prófa og læra eitthvað nýtt. Um leið á hann það til að gera mistök en þótt hann sé svona lítill er hann með stórt hjarta og er ávallt fljótur að sjá muninn á röngu og réttu.



**Teiknimyndir** um Símon kanínustrák og uppátæki hans á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**15. júní**



## Coco

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Gunnar Hrafn Kristjánsson, Orri Huginn Ágústsson, Þór Breiðfjörð, Margrét Eir Hönnudóttir, Hanna María Karlsdóttir, Atli Þór Albertsson, Laddi o.fl. **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

21. júní




## Velkomin í heim hinna framliðnu

**Coco** er nítjándi mynd Pixar-teiknimyndarísans í fullri lengd og er þegar rómuð sem ein besta teiknimynd fyrirtækisins til þessa. Myndin hlaut bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins auk þess sem aðallag hennar, *Remember Me*, hlaut Óskarinn sem besta kvikmyndalag ársins. Betri fjölskylduskemmtun en *Coco* er vandfundin.

Hér segir frá hinum músíkalska Miguel sem þráir að verða tónlistarmaður eins og Ernesto de la Cruz sem var álitinn stórkostlegasti gítarleikari og söngvari Mexíkó á sínum tíma. Vandamálið er að fjölskylda Miguels lítur á tónlist sem bölvun á ættinni og bannar hana alfarið í sínum húsum. Ástæðan er sú að langlangafa Miguels hafði líka dreymt um að verða tónlistarmaður á sínum tíma. Dag einn yfírgaf hann fjölskylduna, hvarf sporlaust, og spurðist aldrei til hans framur. Síðan hefur enginn í ættinni viljað heyra neina tónlist og er meinilla við öll hljóðfæri, Miguel til mikillar mæðu.

Dag einn rekast Miguel og besti vinur hans, hundurinn Dante, inn á dularfullan stað þar sem gamall og rykfallinn gítar hangir uppi á vegg. Miguel ákveður að prófa að spila á hann en um leið og hann slær fyrsta hljóminn er hann fyrir töfra fluttur inn í heim hinna dauðu þar sem hann á síðan eftir að hitta löngu liðna ættingja sem nú eru gangandi beinagrindur. Eftir að hafa jafnað sig á undruninni og óttanum ákveður Miguel að finna Ernesto og leysa í leiðinni gátuna miklu um hvað orðið hafi um langlangafa sinn ...




## Punktar .....

★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *The Hollyw. Reporter*  
 ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Post* ★★★★★ - *Playlist*  
 ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Entert. W.*  
 ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Variety*

• Sagan og söguviðið í *Coco* byggir að mestu leyti á mexíkóskum þjóðsögum og hefðum og gerist í kringum eina helstu hátíð Mexíkana, Dag hinna dauðu (Día de Muertos), þegar fjölskyldur koma saman og heiðra minningu þeirra sem á undan þeim hafa gengið.





## Hleyptu þínum innri manni út

**Þegar hinn sorgmæddi og lífsleiði Paul sér auglýsingu frá meðferðarstöð sem lofar viðskiptavinum sínum nýju lífi eftir líkamlega og andlega hreinsun ákveður hann að skella sér í meðferðina enda hefur hann engu að tapa.**

*The Cleanse* er vísindafantasía, krydduð miklu gríni, súrrealisma og léttum hrolli. Hún er eftir hinn hugmyndaríka Bobby Miller sem vakti mikla athygli á sínum tíma með stuttmyndinni *Tub* en hún fjallaði um mann sem eignaðist óvart afkvæmi með sturtubotni. Hér segir hann okkur aðra mjög skritna en skemmtilega sögu þar sem hugmyndin um hinn „innri mann“ og „djöfulinn“, sem samkvæmt máltækinu hver er sagður draga, er sett í afar frumlegan, myndrænan búning ...

**Punktur .....**

★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Screen International*

- *The Cleanse* hefur fengið ýmis verðlaun, þ. á. m. á síðustu Screamefest-hátíð þar sem hún hlaut fyrstu verðlaun fyrir förðun, tæknibrellur og fyrir leik Johnnys Galecki.

- Myndin er í raun miðkaflinn í þrileik leikstjórans Bobbys Miller, en fyrsti kaflinn var stuttmyndin *Tub* sem hann frumsýndi 2010 og síðasti kaflinn er einnig stuttmynd, *End Times*, sem verður frumsýnd síðar á árinu. Þess ber þó að geta að *The Cleanse* er að öllu leyti sjálfstæð mynd og tengist stuttmyndunum ekki sögulega heldur eingöngu á hugmyndafræðilegan hátt.



Johnny Galecki er í aðalhlutverki *The Cleanse*.



**Aðalhlutverk:** Johnny Galecki, Anna Friel, Kyle Gallner og Anjelica Huston **Leikstjórn:** Bobby Miller **Útgef.:** Sena

Grín/fantasía

21. júní



## Móí

**Komdu með í ferðalög um heiminn**

**Þættirnir um Móa björn, sem elskar að ferðast um heiminn á hjólinu sínu ásamt besta vini sínum og heimsækja sögufræga staði, hafa verið sýndir að undanförnu á RÚV. Nú koma þeir einnig út á VOD-leigunum og hér eru þættir 17 til 24 í seríunni.**

Teiknimyndirnar um Móa og ferðalög hans eru byggðar á bók franska barnabókahöfundarins Marcs Boutavant, *Umhverfis jörðina með Móa* sem kom út árið 2009 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Efnið er fyrir börn á leikskólaaldri sem fylgja forvitna birninum Móa á ferðalögum um heiminn og læra um sögufræga staði, lönd og borgir og alls konar hluti sem varða ekki hvað síst menningu og mismunandi siði landa og þjóða. Hver þáttur er 11 mínútur að lengd.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um Móa og félagi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

22. júní

## Úr öskunni í eldinn

Harold Soyinka starfar hjá bandarísku lyfjafyrirtæki og glímur í einkalífnum við stórkostleg vandræði tengd fjárhagnum. Dag einn biðja eigendur fyrirtækisins, þau Elaine og Richard, hann um að skreppa til Mexíkó með kolólöglega efnaformúlu að marijúana-töflum sem þau vilja láta framleiða fyrir sig. Harold getur ekki neitað og gerir sér enga grein fyrir þeim lífshættulegu vandræðum sem hann er u.þ.b. að fara að flækja sig í.

*Gringo* er stórskemmtileg svört kómedía, farsí og satíra þar sem óvæntar vendingar og fléttur koma stöðugt á óvart og enginn getur séð fyrir hvernig endar. Hér má hlæja dátt að óföllum annarra!

Eftir að hinn seinheppni Harold er kominn á áfangastað ákveður mexíkóskur eiturlyfjakóngur, sem er afar ósáttur við að þau Elaine og Richard hafi hætt viðskiptum við hann, að ræna honum og nota hann til að þvinga þau aftur í viðskiptin. Vandamálið er að Elaine og Richard er nokk sama því þau ætluðu hvort sem er að segja Harold upp störfum þegar hann kæmi til baka og selja fyrirtækið ...



## Gringo

Svört kómedía



**Aðalhlutverk:** David Oyelowo, Charlize Theron, Joel Edgerton, Sharlto Copley, Amanda Seyfried, Thandie Newton, Diego Cataño, Rodrigo Corea og Carlos Corona **Leikstjórn:** Nash Edgerton **Útg.:** Myndform

22. júní



Charlize Theron leikur Elaine Markinson, en hún hefur sagt í viðtölum að *Gringo* sé frumlegasta mynd sem hún hefur leikið í og sú fyndnasta.

### Veistu svarið?

Suðurafríski leikarinn Sharlto Copley hefur verið í uppáhaldi hjá mörgum allt frá því að hann skaust beint á toppinn í kvikmyndaheiminum þegar hann lék Wikus Van De Merwe í sinni fyrstu mynd, vísindaskáldsögunni *District 9*. Hver leikstýrði henni?



Neill Blomkamp



David Oyelowo leikur Harold sem lendir svo sannarlega á milli steins og sleggju í sendiferðinni til Mexíkó fyrir svikula vinnuveitendur sína.

**Punktar** .....  
 ★★★★★ - *Empire* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times*

• Fyrir utan þau David Oyelowo, Joel Edgerton og Charlize Theron eru þau Amanda Seyfried og suðurafríski leikarinn Sharlto Copley sögð fara á kostum í sínum hlutverkum í *Gringo* og sýna á sér nýjar hliðar. Auk þeirra fara svo mexíkósku leikararnir Diego Cataño, Rodrigo Corea og Carlos Corona með stór hlutverk í myndinni og þykja afar fyndnir sem aðalmennirnir í mexíkóska eiturlyfjahringnum.

• Paris Jackson, dóttir Michaels Jackson og Debbie Rowe, leikur eitt aukahlutverkið í *Gringo* og er þetta frumraun hennar á leiklistarsviðinu.



*Gringo* er önnur bíómyndin sem bræðurnir Joel og Nash Edgerton vinna saman við en Joel leikur hlutverk Richards Rusk og Nash leikstýrir eins og hann gerði í fyrri myndinni, *The Square* árið 2008.



## Leitin að lífgjöfni

Belgíski leikarinn og bardagalistamaðurinn Jean-Claude Van Damme mætir hér aftur til leiks eftir nokkurt hlé í hlutverki manns sem lendir í þeim óvenjulegu aðstæðum að nýranu úr honum er stolið, en það var ætlað bróðurdóttur hans sem biður ígræðslunnar við dauðans dyr.

*Pound of Flesh* er eftir leikstjórnann Ernie Barbarash og er um leið þriðja myndin sem hann gerir með Jean-Claude Van Damme í aðalhlutverki. Þær fyrri voru *Assassination Games*, frumsýnd árið 2011, og *6 Bullets* sem var frumsýnd 2012.

Van Damme leikur Deacon sem hefur ákveðið að gefa bróðurdóttur sinni annað nýrað úr sér til að bjarga lífi hennar. Feilspor sem hann tekur fyrir aðgerðina leiðir hins vegar til þess að hann er svæfður og þegar hann vaknar er búið að fjarlægja nýrað úr líkama hans og stela því. Við tekur kapphlaup við tímann því nýrað þarf hann að endurheimta innan tíu klukkustunda ef bróðurdóttirin á að lifa ...



**Aðalhl.:** Jean-Claude Van Damme, John Ralston og Aki Aleong **Leikstj.:** Ernie Barbarash **Útg.:** Myndform

Spenna/hasar

22. júní



John Ralston og Jean-Claude Van Damme leika bræðurna George og Deacon í *Pound of Flesh* sem hafa aðeins tíu klukkustundir til að bjarga lífi dóttur Georges.



Eftir að hafa tekið sér gott frí frá kvikmyndaleik er Jim Carrey mættur aftur og sést hér í atriði nýrrar myndar sem verið var að taka upp í L.A. 22. maí. Heiti hennar er ekki vitað.



Það rigndi hressilega á Chris Pratt í Madrid 21. maí þar sem hann var mættur til að vera viðstaddur forsyningu á nýju *Jurassic World*-myndinni. Hann blotnaði þó ekki alvarlega!



Matthew McConaughey var hins vegar slakur í sólinni í Los Angeles 21. maí þar sem hann var að mæta í spjallþátt Jimmys Kimmel, m.a. til að kynna nýjstu mynd sína, *White Boy Rick*.



## Phantom Thread

Drama / Rómantík



**Aðalhlutverk:** Daniel Day-Lewis, Vicky Krieps, Lesley Manville, Richard Graham, Camilla Rutherford, Harriet Sansom Harris, Brian Gleeson, Gina McKee og Julia Davis **Leikstjórn:** Paul Thomas Anderson **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

23. júní



Lesley Manville leikur systur Reynolds klæðskera og var eins og Daniel Day-Lewis tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína.

### Veistu svarið?

*Phantom Thread* er önnur mynd Pauls Thomas Anderson sem Daniel Day-Lewis leikur aðalhlutverkið í en sú fyrri var frumsýnd fyrir réttum 10 árum og hlaut m.a. tvenn Óskarsverðlaun af átta tilnefningum. Hvaða heitir sú mynd?



There Will Be Blood

## Suma hluti sér augað aldrei

*Phantom Thread* er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Pauls Thomas Anderson og þykir meistaraverk, óaðfínanlega sviðsett og leikin og segir sögu sem áhorfendur gleyma seint. Þetta er tvímælalaust ein besta mynd ársins 2017, mynd sem enginn kvikmyndaunnandi ætti að missa af.

*Phantom Thread* gerist í London í kringum 1960 þar sem við kynnumst klæðskeranum Reynolds Woodcock, en hann hefur sérhæft sig í viðskiptum við hástéttina í borginni og gengið vel. Reynolds er einstaklega formfastur maður sem fylgir sömu daglegu rútinunni út í æsar og hefur engan áhuga á að breyta henni hið minnsta. Dag einn, eftir vel heppnuð viðskipti, ákveður hann þó að gera undantekningu á eigin reglum og fara á matsöluáð utan borgarinnar. Þar vekur athygli hans ung þjónustustúlka og um leið og þau kynast nánar má segja að rútinu Reynolds sé ógnað í fyrsta sinn ...



Daniel Day-Lewis leikur klæðskerann Reynolds Woodcock sem komið hefur ár sinni vel fyrir borð á meðal hástéttarinnar í Bretlandi, enda agaður og nákvæmur, en á líka við ákveðna fortíðardrauga að etja.

## Punktar .....

- ★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *New York Times*
- ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com*
- ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Screen International*
- ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Telegraph*
- ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Indiewire*

• *Phantom Thread* hefur hlotið einróma lof allra sem séð hafa og er með 9,0 í meðaleinkunn á Metacritic frá 51 gagnrýnenda. Hún er með 7,6 í meðaleinkunn á Imdb frá 58.000 almennum notendum.

• Myndin hefur hlotið óteljandi verðlaun og var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna, fernra BAFTA-verðlauna og sex Óskarsverðlauna sem hún hlaut fyrir búningahönnun. Þess utan var hún tilnefnd fyrir bestu leikstjórn, besta leik í aðalhlutverki karla og aukahlutverki kvenna, bestu tónlist og sem besta mynd ársins.



Þegar hinn agaði Reynolds hittir unga þjónustustúlku, Ölmú, og verður ástfanginn af henni, breytist líf þeirra beggja til frambúðar.



## Black Panther

Evintýri / Ofurhetjur



**Aðalhlutverk:** Chadwick Boseman, Michael B. Jordan, Lupita Nyong'o, Danai Gurira, Martin Freeman, Andy Serkis, Daniel Kaluuya, Angela Bassett, Letitia Wright og Forest Whitaker **Leikstjórn:** Ryan Coogler **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

28. júní



### Veistu svarið?

Með eitt af stóru hlutverkunum í *Black Panther* fer Daniel Kaluuya sem sló svo eftirminnilega í gegn í myndinni *Get Out* og hlaut tilnefningu til Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í henni. Hver leikstýrði honum í *Get Out*?



Jordan Peele

## Framtíð hans er framtíð okkar allra

Þann 28. júní kemur á leigurnar ein vinsælasta mynd ársins hingað til, *Black Panther*, sem jafnframt er 18. myndin úr hinum sameinaða ofurhetjuheimi Marvel-fyrirtækisins. Um leið er þetta fyrsta bíómyndin um konung Wakanda, T'Challa, öðru nafni Svarta pardusinn, en honum og föður hans fengum við að kynnst lauslega í *Captain America*-myndinni *Civil War*.

*Black Panther* er leikstýrt af Ryan Coogler, en hann á m.a. að baki hinar afar góðu myndir *Fruitvale Station* og *Creed: The Rocky Legacy*. Ryan skrifaði einnig handritið ásamt Joe Robert Cole, fékk frjálsar hendur við gerð myndarinnar og ákvað m.a. að fá í lið með sér helsta samstarfsfólk sitt úr *Fruitvale Station*, allt saman fólk sem hefur ekki áður komið að gerð ofurhetjumynda. Sagði Ryan að tilgangurinn væri að koma með nýja strauma í ofurhetjupemað og gæða söguna öðruvísi lífi en flestir ofurhetjumyndaadændur ættu von á. Óhætt er að segja að þetta hafi heppnast vel enda tóku adændur ofurhetjumynda *Black Panther* með þvílíkum kostum að hún flaug léttilega inn á topp 10-listann yfir vinsælustu myndir allra tíma þegar hún var frumsýnd í kvikmyndahúsum.



T'Challa, öðru nafni Black Panther, snýr til heimalandsins Wakanda sem konungur eftir dauða föður síns, T'Chaka, og þarf að takast á við það erfiða verkefni að sameina hina mörgu ættbálka landsins í baráttunni gegn mönnum sem ógna ekki bara Wakanda heldur öllum heiminum.

## Punktur .....

- ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Chicago Sun-Times*
- ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Washington Post*
- ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *USA Today* ★★★★★ - *Slate*
- ★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times*
- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Time Out*

• Eins og sést á stjörnujöfningi hér fyrir ofan er *Black Panther* ekki bara ein vinsælasta mynd allra tíma heldur hlaut hún toppdóma gagnrýnenda og er t.a.m. með 8,8 í meðaleinkunn á Metacritic.




Michael B. Jordan leikur höfuðandstæðing Svarta pardusins, Erik Killmonger, sem vill sjálfur öðlast völdin í Wakanda.

## Sterkasti björn í heimi

Sögurnar um Bangsa, sterkasta björn í heimi, eru eftir sænska rithöfundinn og teiknarann Rune Andréasson og hafa notið mikilla vinsælda barna um árabil, bæði sem teiknimyndablöð og sem sjónvarpsþættir allt frá 1973. *Bangsi og Þjófaborgin* er fyrsta langa myndin sem gerð hefur verið um ævintýri hans og er hún fyrst og fremst ætluð yngsta aldurshóp áhorfenda.

Bangsi er svona sterkur vegna þess að hann borðar stundum þrumuhunang sem amma hans útbýr handa honum. Hér lendir hann hins vegar í miklum vanda þegar gráðugur rebbi sem vill meira en hann hefur rétt á ákveður að ræna ömmu Bangsa svo Bangsi verði sem minnst mótstaða við skuggalegar áætlanir hans. En auðvitað eiga Bangsi og félagar hans eftir að sjá við honum ...



## Bangsi og Þjófaborgin


Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Rúnar Freyr Gíslason, Örn Árnason, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Viktor Már Bjarnason, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi) og Íris Tanja Flygenring **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Útgefandi:** Myndform

28. júní





## Hver er með hverjum?

Í þessum athyglisverða og að mörgu leyti nýstárlega vestra systkinanna Nicks og Lexie Trivundza kynnumst við nokkrum persónum sem í fyrstu virðast lítið eiga sameiginlegt þótt annað eigi síðar eftir að koma í ljós.

*The West and the Ruthless* gerist að mestu í og við lítinn bæ sem nefnist Crow's Landing og er í Arizona, rétt norðan við mexíkósku landamærin og suður af borginni Tucson. Persónurnar sem um ræðir eru m.a. landeigandi, tveir bræður, þræll á flóttu, indíáni, kona sem er um það bil að fara að fæða, vændiskona og tveir menn sem reka vændishús. Sagan er sögð í blandaðri tímaröð (líkt og Tarantino gerði í *Pulp Fiction*) sem að lokum rennur þó saman í eina samfellda heild.

Um leið má segja að myndin sé óður til eldri vestra því hún gerist á sömu slóðum og var tekin upp í sama kvikmyndaveri og myndir eins og *Rio Bravo*, *Tombstone*, *Gunfight at the OK Corral*, *The Outlaw Josey Wales*, *Gunsmoke*, *High Chaparral*, *El Diablo*, *Geronimo*, *The Quick and the Dead*, *Magnificent Seven* og *3:10 to Yuma*.



Paul Haapaniemi leikur eitt af aðalhlutverkunum en segja má að rauðu þræðirnir séu margvísleg uppgjör persónanna í henni þar sem hver hefur sína eigin ástæðu.



**Aðalhl.:** Danny Brown, Dan Fowls og Paul Haapaniemi **Leikstj.:** Nick og Lexie Trivundza **Útg.:** Myndform

Vestri

29. júní



## Út í opinn dauðann

Þegar fimm SEAL-sérsvartarmenn í Bandaríkjaher uppgötva að á botni vatns í Bosníu liggja gullstangir sem eru um 300 milljón dollara virði ákveða þeir að ná í þær þótt þeim sé það óheimilt enda er vatnið handan víglínanna og því nokkuð ljóst að um sjálfsmorðsferð gæti verið að ræða.

*Renegades* er gerð af sama framleiðsluteymi og gerði *Taken*-myndirnar, *Lucy* og *The Equalizer*, en fyrir því teymi fer Luc Besson sem skrifaði einnig handritið að myndinni ásamt Richard Wenk. Leikstjóri er Steven Quale sem á að baki tvær bíómyndir, þ.e. fimmtu *Final Destination*-myndina og *Into the Storm* árið 2014.

Fimm SEAL-sérsvartarmenn sem eru við skyldustörf í Bosníustríðinu árið 1995 komast að því að á botni 40 metra djúps vatns handan við Sarajevo er að finna nokkra kassa af gulli sem legið hafa þar síðan í síðari heimsstyrjöldinni. Fimm-menningarnir geta ekki látið tækifærið fram hjá sér fara og ákveða upp á sitt ein-dæmi að skipuleggja „björgunarleiðangur“ til að ná í gullið þrátt fyrir áhættuna ...



SEAL-liðarnir fimm sem fá þá brjálaðishugmynd að nálgast og nema á brott nokkur tonn af gullstöngum sem eru á botni vatns í Bosníu, handan Sarajevo og víglínunnar.



**Aðalhl.:** Sullivan Stapleton, J.K. Simmons og Ewen Bremner **Leikstj.:** Nick og Lexie Trivundza **Útg.:** Myndform

Stríðsmynd

29. júní



# Toppmyndir



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



**Ferdinand**  
Teiknimyndin um stóra, sterka en göðhartaða nautið Ferdinand er frá þeim sömu og gerðu *Isaldar-* og *Rio*-myndirnar og hefst þegar Ferdinand er bara lítill kálfur. Þegar örlögin haga því svo að Ferdinand er fyrir misskilning sendur til Madridar til að berjast þarf hann að finna leiðina heim áður en það er orðið of seint.  
**Teiknimynd** **L**



**Lóí: Þú flýgur aldrei einn**  
Þegar hinir farfluglarnir fljúga suður á bóginn kemst Lóí ekki með því hann er ekki orðinn flýgur. Það liggur því fyrir honum að lifa veturinn af upp á eigin spýtur, ekki bara kuldann og harðbylið heldur þarf hann að gæta þess að lenda ekki í klóm þeirra sem vilja gæða sér á honum, þar á meðal fálkans Skugga.  
**Fjölskyldumynd** **L**



**Molly's Game**  
Sannsöguleg mynd um skiáðrottninguna fyrirverandi Molly Bloom sem eftir að hafa starfað við rektor ólöglegs pókerklúbbs í Los Angeles ákvað að stofna sitt eigið spilaviti þar sem gríðarlegar upphæðir voru í húfi og spennan var mikil. Frábærlega vel leikin og skrifuð mynd eftir Aaron Sorkin.  
**Sannsögulegt** **12**



**The Greatest Showman**  
*The Greatest Showman* sækir innblásturinn í líf hins stórmerka frumkvöðuls, heimspekingis, rithöfundar og gleðigjafa P.T. Barnum, en hann stofnaði m.a. fjölleikahús sem naut mikilla vinsælda á austurströnd Bandaríkjanna og víðar um miðbik 19. aldar. Hugh Jackman, Zac Efron og fleiri toppleikar fara á kostum.  
**Sannsögulegt/tónlist** **12**



**Pitch Perfect 3**  
Eftir að hafa útskrifast hafa skólastústurnar og vinkonurnar sem skipuðu sönghópin Bellumar tívtrast og reyna nú að standa sig hver í sínu lagi á hinum almenna vinnumarkaði. Þær sakna þó allar gamla tímans og þegar þær fá óvænt tækifæri til að taka þátt í söngkeppni á Spáni slá þær að sjálfsögðu til.  
**Gaman/tónlist** **12**



**Den of Thieves**  
*Den of Thieves* er fyrsta mynd Christians Gudegast sem leikstjóra en hann skrifaði líka bæði söguna og handritið. Hér er um hörkuskemmtilegan hasar að ræða sem komið hefur aðdaendum slíkra mynda verulega á óvart, enda inniheldur hún einnig afar góðar og óvæntar fléttur í bland við hasið.  
**Hasar/spenna** **16**



**Jumanji: Welcome to the Jungle**  
Þegar þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha eru látin sitja eftir í skólanum rekast þau á gamla leikjötölvu í kjallaranum og leik sem þau hafa aldrei heyrt minnst á áður, *Jumanji*. Þau ákveða að prófa að spila – og sogast bókstaflega inn í leikinn. Stórskemmtilegt ævintýri og grín fyrir alla með frábærum leikurum.  
**Ævintýri** **12**



**Father Figures**  
Gamanmyndin *Father Figures* skartar í aðahlutverkum tveimur afskemmtilegustu gamanleikurum Bandaríkjanna, Owen Wilson og Ed Helms, ásamt Glenn Close, J.K. Simmons, Ving Rhames og fótballstjórnunni fyrirverandi en svin-sælu, Terry Bradshaw, og fjallar um viðburðarika leit bræðra að föður sínum.  
**Gamanmynd** **12**



**The Commuter**  
Michael er tryggingasölumaður sem um tíu ára skeið hefur ferðast með sömu lestinni fram og til baka úr vinnu. Dag einn sest hjá honum ókunng kona sem býður honum 75 þúsund dollara fyrir að leysa dularfullt verkefni. Michael lætur freistast, enda miklir peningar í boði, en á fljótlega eftir að iðrast þess innilega!  
**Spenna/hasar** **12**



**Brad's Status**  
*Brad's Status* er stórskemmtileg mynd eftir Mike White sem leikur sér hér með hugmynd sem flestir foreldrar kannast við, þ.e. að reyna að nota eigin reynslu til að forða börnum sínum frá því að gera sömu mistök og þeir gerðu sjálfir. En kannski eru það bara ein mistök enn? Ben Stiller er frábær í aðahlutverkinu.  
**Gamandrama** **L**



**The Post**  
*The Post* er nýjasta mynd Stevens Spielberg og um leið fyrsta myndin sem stórlíkarnir Tom Hanks og Meryl Streep leika saman í. Hér segir frá því þegar blaðamenn The Washington Post komust yfir ríkistrúnaðarskjöl en sá leiki átti eftir að valda gríðarlegum skjálfta í æðsta stjórnkerfi Bandaríkjanna.  
**Sannsögulegt** **6**



**Paddington 2**  
Önnur bíomýndin um göðhartaða, ljúfa en dálítið óheppna bangsan Paddington er snilldarverk eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hér lendir hann í mikilli klemmu þegar óprúttinn þjófur stelar fágætri bók sem hann ætlaði að kaupa handa fráenku sinni í afmælisgjöf.  
**Fjölskyldumynd** **L**



**Chappaquiddick**  
Aðfaranótt 19. júlí árið 1969, ók verðandi forsetaframbjóðandi demókrata, Edward Kennedy, fram af einbreiðri brú á Chappaquiddick-eyju með þeim afliðingum að ung kona sem var farþegi í bílnum, Mary Jo Kopechne, lét lífið. Málið vakti heimsathygli og í þessari ítarlegu toppmynd er farið í saumana á því.  
**Sannsögulegt** **12**



**Two is a Family**  
Þeir sem vilja sjá skemmtilega gamanmyndir ættu ekki að láta þessa perlu fram hjá sér fara en hún skartar í aðahlutverki Omarí Sy sem sló í gegn í *Intouchables*. Hér leikur hann Samuel sem þarf heldur betur að taka sig á þegar barnsmóðir hans skilur barn þeirra eftir í hans höndum og stingur af.  
**Gamanmynd** **9**



**The Disaster Artist**  
*The Disaster Artist* er frábær mynd sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga, var t.d. tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir handritið og James Franco hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aðahlutverki karla. Ein af þessum myndum sem allir hafa gaman af og enginn kvik-myndaunnandi má láta fram hjá sér fara.  
**Sannsögulegt** **12**



**12 Strong**  
Hér er sögð sönn saga fyrstu hermanna-sveitarinnar sem send var til Afganistan eftir árásina á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 en hún var aðeins skipuð tólf mönnum og fólst verkefni hennar í að aðstoða afganska sveit, undir stjórn herforingjans Abduls Rashid Dostum. Vel gerð og leikin toppmynd.  
**Sannsögulegt** **16**



**Thor: Ragnarök**  
Aðdáendur *Avengers*-myndanna og ofur-hetjumyndna yfirleitt eru flestir sammála um að *Thor: Ragnarök* sé ein fyndnasta ofurhetjumyndin hingað til þótt enginn afsláttur sé gefinn af hasarum og viðburðaríki sögu. Hér lenda þór og nokkrir félagar hans í heljarinnar átökum þar sem örlög Ásgardar eru undir.  
**Ævintýri/ofurhetjur** **12**



**Mark Felt: The Man Who ...**  
Innbrotið í Watergate-bygginguna í júní 1972 hefði sennilega ekki leitt til afsagnar Nixons forseta Bandaríkjanna ef FBI-maðurinn Mark Felt hefði ekki ákveðið að gerast leyfilegur uppljóstrari blaðamannanna Bobs Woodward og Carls Bernstein hjá Washington Post. Hér er fjallað ítarlega um hans þátt í málinu.  
**Sannsögulegt** **L**



**House**  
*The House* segir frá hjónunum Scott og Kate Johansen sem verða alveg miður sín þegar villa í heimilisbókhalduinu leiðir í ljós að þau eiga ekki fyrir háskólanámi dóttur sinnar. Til að bjarga málinum með hraði ákveða þau hjón að starta spilaviti í húsi sínu þrátt fyrir að viðurlög við því gætu kostað þau 20 ár í fangelsi!  
**Gamanmynd** **16**



**Star Wars: The Last Jedi**  
*The Last Jedi* er eins og allir vita áttundi kafli *Star Wars*-ævintýrsins og hefst nokkurn veginn þar sem síðasta kafli, *The Force Awakens*, endaði. Atburðarásin er að mörgu leyti óvænt og inniheldur fléttur sem ekki einu sinni höfðustu *Star Wars*-aðdáendur áttu von á og því megum við ekki segja neitt meira um það.  
**Star Wars** **12**



**Loving**  
Frábær mynd eftir Jeff Nichols sem gerði m.a. gæðamyndirnar *Mud*, *Take Shelter* og *Midnight Special*. Þetta er hin sanna saga af því hvernig ást tveggja einstaklinga feldi úr gildi lög Virginíuríkis árið 1967 sem bönnuðu hjónabönd hvíttra og svartra. Joel Edgerton og Ruth Negga í aðahlutverkum.  
**Sannsögulegt** **12**



© 2018 The Coca-Cola Company.

*NJÓTUM HM*  
**SAMAN**  
*MEÐ Coca-Cola*